

## D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra miðvikudaginn 7. mars 2007 í máli

nr. S-438/2006:

### Ákærvaldið

*(Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari)*

gegn

X

*(Hreinn Pálsson hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var þann 7. febrúar sl., er höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 6. desember 2006 á hendur X, kt. 000000-0000, ....., Akureyri,

„fyrir kynferðisbrot gagnvart sonardóttur sinni [A], kennitala 000000-0000, á Akureyri, með því að hafa:

1. Á tímabilinu frá fyrri hluta árs 2004 til sumars 2006, á heimili ákærða, á heimili stúlkunnar að ... og á ..., nokkrum sinnum káfað á brjóstum stúlkunnar, kynfærum, lærum og annars staðar á líkama hennar, innan og utan klæða.
2. Veturinn 2005 til 2006, á heimili ákærða og á ..., í tvígang káfað á kynfærum stúlkunnar innanklæða og sett fingur í kynfæri hennar.

Telst háttsemi ákærða samkvæmt 1. lið ákæru varða við 2. mgr. 200. gr. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 40, 1992 og lög nr. 40, 2003, en samkvæmt 2. lið ákæru við 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Af hálfu [B], kennitala 000000-0000, og [C], kennitala 000000-0000, fyrir hönd [A], er krafist miskabóta að fjárhæð 2.050.000 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 5. október 2006“.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er þess krafist að skaðabótakröfunni verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð. Að lokum krefst verjandi ákærða málsvarnarlauna bæði vegna starfa hér fyrir dómnum og á rannsóknarstigi málsins.

## I.

Samkvæmt rannsóknargögnum barst lögreglu bréf Barnaverndarnefndar Eyjafjarðar, dags. 21. ágúst 2006, þar sem óskað var eftir rannsókn á ætluðu kynferðisbroti ákærða gagnvart sonardóttur hans, brotaþola í máli þessu. Kom fram að starfsmaður nefndarinnar hefði rætt við brotaþola sem hefði skýrt frá því að afi hennar hefði leitað á hana kynferðislega síðustu tvö ár með því að þukla á brjóstum hennar og kynfærum innan klæða. Hann hafi bannað brotaþola að skýra frá þessu. Í bréfinu kom einnig fram að starfsmaður Barnaverndarnefndar hefði rætt við foreldra brotaþola sem hefðu lýst breyttri hegðun og líðan brotaþola um ári áður.

Lögregla tók við rannsókn málsins og yfirheyrði m.a. ákærða þann 29. ágúst 2006 og kynnti honum sakarefnið. Viðurkenndi hann þá að hafa leitað á stúlkuna nokkrum sinnum veturinn 2005 til 2006, aðallega með stökum á læri, utan klæða. Kvaðst hann aðspurður einnig kannast við að hafa káfað að kynfærum og brjóstum brotaþola, hann hafi snert kynfæri hennar tvisvar sinnum innan klæða. Honum hafi ekki fundist brotaþoli þessu mótfallinn.

Lögregla yfirheyrði einnig foreldra brotaþola og [D]. Þann 13. september 2006 var skýrsla tekin af brotaþola í Héraðsdómi Norðurlands eystra og í málinu liggur fyrir hljóð- og myndbandsupptaka af yfirheyrslunni, auk endurrits af henni.

## II.

Fyrir dómnum játar ákærði að mestu þá háttsemi sem lýst er í öðrum lið ákærunnar en kannast ekki í fyrstu við að hafa káfað á stúlkunni í önnur skipti. Ákærði er spurður um lögregluskýrslu, dags. 29. ágúst 2006, þar sem hann kveðst aðallega hafa verið um að ræða stökur á lærum, utan klæða, hann viti ekki hve oft þetta hafi gerst en það hafi verið nokkrum sinnum. Kveðst ákærði hafa átt við að hann hefði strokið henni með þeim hætti nokkrum sinnum en hann hafi aðeins tvisvar snert kynfæri hennar. Ákærði segir að hann hafi ef til vill strokið brjóst stúlkunnar en þá aðeins utan klæða. Ákærði kveðst ekki vita hve oft hann hafi strokið stúlkunni með þessum hætti. Hann kveðst ekki kannast við að þetta hafi gerst á heimili stúlkunnar, aðeins á heimili sínu og á .... Undir ákærða er einnig borin lögregluskýrsla sem hann gaf þann 17. október 2006, þar sem hann sagðist hafa snert kynfæri stúlkunnar tvisvar sinnum en ef hann hafi snert hana í fleiri skipti hafi það aðeins verið stök og káf en hann muni ekki hve oft hann hafi þá káfað á henni. Kveður ákærði þetta vera rétt. Aðspurður um viðbrögð stúlkunnar við þessum stökum kveður ákærði hún hafa virst sammála þessu. Ákærði kveðst hafa sagt stúlkunni að hún skyldi ekki segja frá þessu.

Vitnið [A] gaf skýrslu fyrir dómi þann 13. september 2006. Hún var þá 12 ára gömul. Hún kvað afa sinn, ákærða í máli þessu, hafa farið að misnota hana kynferðislega þegar hún var 10 ára gömul. Þetta hafi gerst nokkrum sinnum þegar hann hafi komið heim til hennar og hún verið þar ein og nokkrum sinnum þegar hún hafi komið heim til hans. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hve oft þetta hafi komið fyrir. Síðast hafi þetta gerst á árinu 2006, eftir páska en fyrir sumarfrí. Hún hafi ekki hitt ákærða eftir það. Vitnið segir að þann dag hafi ákærði komið heim til hennar um hádegisleitið. Útidyr hafi verið ólæstar og hún hafi legið upp í sófa í holinu á efri hæð og horft á sjónvarpið. Ákærði hafi komið að tala við hana en þegar systir hennar hafi farið á æfingu hafi hann farið að snerta hana. Hann hafi snúið upp á handlegg hennar svo hún hafi fundið til í úlnlið. Hann hafi eiginlega lagst ofan á hana í sófann. Hann hafi þreifað á brjóstum hennar innanklæða og einnig snert kynfæri hennar innanklæða með fingri og hún hafi meitt sig við það. Henni hafi liðið mjög illa og viljað að hann hætti. Bróðir hennar hafi svo komið heim og ákærði þá hætt þessu og farið. Vitnið kvaðst telja þetta hafa varað í um 10 mínútur. Vitnið kvað ákærða hafa sagt að hún mætti ekki segja neinum frá þessu, hann hafi alltaf sagt það þegar hann hafi farið. Aðspurt kvað vitnið þetta oftast hafa gerst á heimili hennar, alltaf í holinu á efri hæð íbúðarinnar. Vitnið kvað þetta tvívegis hafa gerst í svefnherbergi ákærða í nýja húsinu hans. Ákærði og amma hennar hafi bæði verið heima. Hún hafi legið uppi í rúmi í svefnherbergi þeirra og horft á sjónvarpið. Amma hennar hafi verið að vinna í eldhúsinu en ákærði komið inn í herbergi til vitnisins og lokað á eftir sér en ekki læst. Hún muni illa hvað gerðist svo en henni hafi orðið illt í maganum. Þessi tvö skipti hafi þó verið svipuð og síðasta skiptið heima hjá henni, sem hún lýsti áður, nema hann hafi ekki meitt hana. Vitnið kvað þetta að auki hafa gerst á ..... Ákærði hafi stundum komið þangað inn, þar hafi ekki sést inn um glugga. Í eitt skipti hafi vitnið verið þar að horfa á sjónvarp og þá hafi ákærði sest við hliðina á henni og farið að þreifa á henni. Hann hafi farið inn á hana og snert kynfæri hennar. Þetta hafi gerst oftast en tvisvar en vitnið kvaðst þó ekki muna hve oft. Þetta hafi verið veturinn 2005-2006. Aðspurt um fyrsta skiptið sem þetta gerðist kvaðst vitnið ekki muna vel eftir því. Hún kvaðst tengja það við að hún hafi verið að horfa á sjónvarp í kjallaranum á fyrri heimili ákærða ásamt öðrum börnum. Hin börnin hafi svo farið upp en ákærði komið niður. Vitnið kvaðst þó ekki muna kvað hann gerði þá og ekki vita hvers vegna hún tengir þetta við upphaf kynferðislegrar áreitni af hans hálfu.

Vitnið kvaðst hafa verið hrætt og ekki þorað að skýra neinum frá þessu, hún hafi verið hrædd um að sér yrði ekki trúað. Hún hafi loks skýrt [D], móður bestu vinkonu sinnar frá þessu. [D] hafi farið að spyrja vitnið hvort eitthvað væri að heima og hún þá skýrt frá þessu. Hún hafi í kjölfarið skýrt foreldrum sínum frá þessu og svo Hörpu Ágústsdóttur, starfsmanni barnaverndarnefndar. Vitnið kvaðst einnig hafa skýrt [E] vinkonu sinni, dóttur [D], frá þessu.

Vitnið [C], móðir brotþola, kveður málið hafa komið upp þannig að vitnið [D] hafi sagst þurfa að tala við vitnið vegna brotþola. Vitninu hafi ekki dottið neitt eins og þetta í hug og hringt í dóttur sína til að spyrja hvað væri um að vera. Brotþoli hafi þá verið í bíl með pabba sínum og bara farið að gráta og ekkert viljað segja. Pabbi hennar hafi eftir símtalið gengið á stúlkuna sem hafi upplýst að þetta tengdist afa hennar. Vitnið hafi svo farið til [D] sem hafi sagt henni að brotþoli hafi stolið

sólgleraugum frá dóttur hennar. [D] hafi því tekið hana á eintal og stúlkan þá skýrt [D] frá þessu.

Vitnið segir að brotaþoli hafi verið lífsglöð og kát stúlka og félagslega sterk. Svo hafi hegðun hennar farið að breytast, hún hafi farið að vera mikið ein, orðið lífsleið og jafnvel talað um að fyrirfara sér. Hún hafi oft verið með höfuðverki og illt í maga, hún hafi verið veik án þess að skýringar myndust á því. Segir vitnið að búið hafi verið að fara með hana til barnalæknis og fleira til að reyna að finna skýringar á þessu, án árangurs. Vitnið kveðst ekki geta sagt nákvæmlega til um hvenær þetta ástand hófst en um áramótin 2005 hafi hún látið brotaþola fá dagbók til að skrá verkina til að reyna að finna einhver tengsl. Allt hafi verið reynt til að finna hvað vandamálið var, hún hafi verið send í sneiðmyndatöku og til sjúkraþjálfara. Vitnið kveðst einnig hafa rætt vandamálið í skóla stúlkunnar en engar skýringar hafi fundist þar. Þegar þetta mál hafi komið upp segist vitnið hafa talið það skýringu á þessum kvillum enda hafi ástand stúlkunnar snarbatnað í kjölfar þess að hún skýrði frá þessu og komst í meðferð hjá sálfræðingi í Barnahúsi. Vitnið kveður brotaþola hafa lent í bílslysi 11. janúar 2004 og þau hafi í fyrstu tengt kvillana við það. Því hafi hún m.a. verið send í sneiðmyndatöku en ekkert hafi komið í ljós.

Vitnið [D] kveður dóttur sína vera í bekk með brotaþola og þær búi nálægt hver annarri. Vitnið kveðst hafa verið búið að taka eftir því að eftir heimsóknir brotaþola hafi hlutir stundum verið horfnir. Þann 30. júní 2006 kveðst vitnið hafa verið þess fullvisst að brotaþoli hefði tekið hlut sem hvarf úr herbergi dóttur hennar og hún hafi því sagt dóttur sinni að hún vildi ræða þetta við brotaþola. Hún hafi kallað þær báðar til sín og skýrt brotaþola frá grun sínum. Hún hafi hvatt brotaþola til að skýra satt frá og sagt að hún yrði ekkert reið, allir gætu gert mistök. Brotaþoli hafi undir eins gengist við þessu. Hún hafi svo setið þarna mjög niðurlút og kveðst vitnið hafa farið að spyrja hvort eitthvað væri að. Brotaþoli hafi þá allt í einu brotnað saman og kveðst vitnið hafa spurt hvort eitthvað væri að heima. Brotaþoli hafi neitað því. Vitnið kveðst þá hafa spurt hvort einhver hefði gert henni eitthvað, brotaþoli hafi játað því og síðan upplýst að það væri afi hennar. Vitnið kveðst þá hafa beðið dóttur sína að fara í herbergi sitt og loka á eftir sér því hún vildi ræða einslega við brotaþola. Brotaþoli hafi grátið mjög mikið og skolfið. Vitnið kveðst því hafa sett hana nær ofni, breitt yfir hana og huggað hana. Vitnið kveðst hafa spurt hana hvað þetta hafi varað lengi og hafi brotaþoli sagst muna eftir tveimur árum. Brotaþoli hafi játað því að afi hennar kæmi við hana þar sem hann ætti ekki að koma við hana og léti hana koma við sig þar sem hún ætti ekki að koma við hann. Vitnið kveðst hafa spurt hversu mikið þetta hafi verið og þá hafi brotaþoli sagt: „þetta er of mikið og hann hættir aldrei“. Þá hafi hún verið reið. Vitnið kveður brotaþola hafa sagt að þetta gerðist heima hjá afa hennar og ömmu og þá væri amma hennar að vinna í eldhúsinu. Vitnið kveðst svo hafa hughreyst brotaþola og sagt að hún skyldi ekki hafa frekari áhyggjur. Vitnið kveðst svo strax hafa hringt í barnaverndarnefnd til að leita ráða og í kjölfarið í móður brotaþola. Vitnið kveðst einu sinni hafa skýrt frá þessu hjá lögreglu en ekki rætt málið að öðru leyti. Aðspurt kveður vitnið brotaþola hafa skýrt frá því að afi hennar hefði snert kynfæri hennar innan klæða.

Vitnið Kristján Magnússon sálfræðingur kveðst hafa haft ákærða til meðferðar eftir að rannsókn máls þessa hófst. Dóttir ákærða hafi haft samband við vitnið og skýrt frá því að ákærði hefði leitað á sonardóttur sína og vildi gjarnan leita sér aðstoðar. Vitnið kveður þá hafa hist í þrjú skipti. Þeir hafi haft áætlanir um að hittast frekar en nokkrar hömlur séu á því hvernig meðferðarferli sé hagað á meðan mál er til meðferðar fyrir dómi. Vitnið kveðst ekki hafa skilið annað á ákærða en hann vildi halda meðferðinni áfram. Aðspurt kveður vitnið hafa komið fram hjá ákærða að hann hafi í nokkur skipti farið með hendi inn í nærbuxur stúlkunnar og lagt hönd á kynfæri hennar. Oft þannig að hann hafi setið við hlið hennar og smeygt hendi niður í buxur hennar. Vitnið kveðst þó ekki hafa fengið upplýst hve oft þetta hefði gerst. Hann hafi sagt sérstaklega aðspurður að hann hafi ekki farið inn í kynfæri hennar. Vitnið segir að samkvæmt frásögn ákærða hafi ekki verið kynferðisleg spennan í þessu heldur hafi hann frekar gert þetta í hugsunarleysi. Ákærði hafi skýrt frá því, eins og til staðfestingar því, að þetta hafi meira að segja gerst þannig að þau hafi setið og horft á sjónvarp og vinkonur stúlkunnar verið þar með þeim. Spurning sé því hve mikil tilfinning sé þarna gagnvart barninu og líðan þess, ákærði virðist ekki hafa gert sér grein fyrir að því að þetta væri erfitt fyrir stúlkuna. Vitnið kveður ákærða hafa lýst síðasta atvikinu fyrir sér, þá hafi þau setið upp í rúmi en foreldrar stúlkunnar verið frammi í eldhúsi að ræða við konu hans og hafi herbergishurðin verið opin. Vitnið kveðst hafa rætt viðhorf ákærða sérstaklega við hann í ljósi þeirrar miklu umræðu sem verið hefur um slík mál en virst hafi sem ákærða hafi þótt þetta eitthvað sem þau ættu sín á milli og væri ekki mikið mál.

Vitnið kveður ákærða heyra mjög illa og verða utanveltu í samskiptum þegar fleiri koma saman. Vitnið kveðst hafa séð fyrir sér að hann hafi kannski leitað í þetta sem einhvers konar uppbót fyrir að vera ekki fyllilega gjaldgengur í samskiptum fólks. Vitnið kveðst telja að með viðtölum þeirra hafi ákærði áttað sig á að þetta hafi verið mjög rangt af honum og að stúlkunni hafi ekki þótt þetta gott. Kveður vitnið ákærða hafa skýrt sér frá því að eftir að málið kom upp hafi hann ekki reynt neitt í þessa veru. Ákærði hafi sagt að hann hefði ekki hóttað stúlkunni neinu segði hún frá. Aðspurt um tengsl ákærða og stúlkunnar kveður vitnið helst hafa skilið það svo að á milli þeirra væru nokkur tengsl og að stúlkan sækti í félagsskap afa síns.

### III.

Í málinu liggur fyrir vottorð Vigdísar Erlendsdóttur, forstöðumanns Barnahúss, dags. 25. janúar 2007 um mat á því hvaða afleiðingar brot ákærða hafi haft fyrir brotaþola. Um niðurstöður sjálfsmatskvarða segir: „Niðurstöðu YSR og CBCL sem telpan og foreldrar hennar fylltu út þann 9. október og 8. nóvember leiddu í ljós að umkvartanir telpunnar um líkamleg einkenni án læknisfræðilegra skýringa voru marktækt meiri en gerist meðal jafnaldra hennar. Einkennin sem um ræðir voru þreyta, höfuðverkur, magaverkir sem og ýmsir aðrir verkir víðsvegar um líkamann. Engin frávik greindust við síðari fyrirlögn þann 18. janúar 2007. Niðurstöður IES-R sem telpan svaraði 23. nóvember leiddu í ljós að hið kynferðislega ofbeldi sem telpan kveðst hafa sætt var henni hugleikið. Gat hún þess að tilfinningar hennar gagnvart atburðunum væru dofnaðar, hún reyndi af fremsta megni að fordæst hugsanir um atburðina sem og umræður sem gætu minnt

á þá af ótta við að komast í uppnám. Hún gat þess jafnframt um að henni hætti til að verða pirruð og reið af litlu tilefni. Telpan svaraði listanum á ný þann 18. janúar sl. og voru svör hennar þá innan eðlilegra marka”. Í lok skýrslunnar er samantekt og álit þar sem segir: „[A] hefur nú sótt fjögur viðtöl til undirritaðs sálfræðings vegna ætlaðs kynferðisbrots afa hennar; X gegn henni. Telpan hefur í viðtölunum greint frá tildrögum þess að hún sagði frá háttsemi afa síns. Í viðtölunum kom fram að hún hafi ekki haft í hyggju að segja frá en aðstæður hafi skapast sem gerðu það að verkum að hún greindi frá hinu kynferðislega ofbeldi. Hafi henni létt mjög við að segja frá. Telpan glimdi um nokkurt skeið við líkamlega vanlíðan án þess að læknisfræðilegar skýringar myndast á einkenninum. Telja foreldrar telpunnar að breytinganna hafi orðið vart um það leyti sem fjölskyldan lenti í bílslysi og því hafi þau lengi talið þær afleiðingar þess. Þau einkenni sem telpan lýsti eru algeng hjá börnum sem leyndu upplýsingum um að þau hafi sætt kynferðislegu ofbeldi. Þessi einkenni hafa dvínað nokkuð síðustu mánuðina eða eftir að telpan greindi frá hinni kynferðislegu áreitni sem hún kveðst hafa sætt. Ljóst er að kynferðisofbeldið hefur valdið [A] margvíslegum óþægindum og hugarangri. Eins og títt er um börn sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi áttaði hún sig í fyrstu ekki á að háttsemi gerandans var röng en þegar henni varð það ljóst veigraði hún sér all lengi við að gera viðvart um ofbeldið vegna óvissu um hvaða afleiðingar það hefði. Meðal þátta sem veita forspá um afleiðingar kynferðislegs ofbeldis gegn börnum eru i) hversu lengi stóð ofbeldið yfir, ii) hversu alvarlegt var ofbeldið og iii) hver voru tengsl geranda og þolanda. Í ljósi þess að [A] hefur greint frá kynferðislegu ofbeldi (káfi á brjóstum og kynfærum innan klæða) af hendi afa síns og sem staðið hefur yfir um alllangt skeið má ætla að afleiðingarnar séu umtalsverðar og renna niðurstöður sjálfsmatskvarða og viðtala stöðum undir að svo sé. Þó má ætla að telpan muni með tímanum ná sér að fullu eftir hið kynferðislega ofbeldi sem hún kveðst hafa sætt. Rétt er þó að geta þess að algengt er að fólk sem þolað hefur kynferðislegt ofbeldi í bernsku glími við afleiðingar þess á fullorðinsárum ss. í tengslum við kynlíf, meðgöngur og fæðingar.“

Vitnið Vigdís Erlendsdóttir staðfesti skýrslu sína hér fyrir dóminum og kveðst hafa hitt brotþola fimm sinnum og framhald verði á þeirra viðtölum. Vitnið kveður brotþola ekki hafa lýst því nákvæmlega hvað afi hennar hefði gert henni. Brotþoli hafi hins vegar skýrt vitninu frá því að hún hafi ekki áttað sig á því að það sem afi hennar gerði væri rangt, fyrr en hún hafi séð umfjöllun um kynferðisofbeldi í sjónvarpi. Vitnið segir að samkvæmt frásögn brotþola hafi afi hennar ekki verið henni sérstaklega nákominn þó hún hafi umgengist hann vegna fjölskyldutengsla. Sú afstaða brotþola sé jákvæð að því leyti að nán tengsl hefðu verið til þess fallin að gera afleiðingarnar alvarlegri. Vitnið kveðst einnig hafa rætt við foreldra brotþola sem hafi lýst hegðunarbreytingum hjá brotþola þótt þau gætu ekki tímasett þær nákvæmlega. Stúlkan hafi hætt að vera glaðvær og jákvæð en smátt og smátt orðið kjarklítil og döpur, einangrað sig frá jafnöldrum og orðið neikvæð og áhugalaus um hluti. Stúlkan hafi einnig farið að kvarta undan verkjum í maga, baki og höfði. Foreldrar hennar hafi tengt verkina við bílslys sem hún hafði lent í en engar læknisfræðilegar skýringar hafi fundist á þessum einkennum. Hún hafi þó verið með vöðvabólgu vegna spennu. Eftir að stúlkan hafi sagt frá ofbeldinu hafi öll framangreind einkenni rénað mjög sem bendi til þess að einkennin hafi stafað af því ofbeldi sem hún varð fyrir og hélt leyndu. Slík einkenni séu dæmigerð fyrir börn sem verði fyrir slíku ofbeldi. Stúlkan segi einnig

sjálf að henni hafi létt mjög við að segja frá þessu og að sér líði betur. Aðspurt um afleiðingarnar til lengri tíma litið segir vitnið ákveðin atriði hjálpa til við að spá fyrir um slíkt; hversu lengi ofbeldið hafi staðið yfir, hversu alvarlegt það hafi verið og hver séu tengsl geranda og þolanda. Segja megi að tengsl stúlkunnar við afa sinn hafi ekki verið mikil en þó sé um fjölskyldutengsl að ræða. Vitnið kveður stúlkuna hafa sagt sér að hann hafi káfað á henni og ef ekki hafi verið um meira að ræða telji vitnið líkur á að stúlkan nái sér að fullu. Vitnið er spurt um skýrslu sína, varðandi svör brotþola við spurningalista vegna sjálfsmatskvarða, þar sem segir að við svörun á ný þann 18. janúar sl. hafi svör stúlkunnar verið innan eðlilegra marka. Kveðst vitnið þar eiga við að stúlkan hafi þá greinst eins og heilbrigðir unglingar á hennar aldri.

#### IV.

Fyrir dóminum hefur ákærði játað sök samkvæmt 2. lið ákærunnar. Ákærði neitaði hins vegar að hafa snert kynfæri stúlkunnar í fleiri skipti en lýst er í þeim ákærulið eins og greinir í 1. lið ákærunnar. Hann kveður þetta aldrei hafa gerst á heimili stúlkunnar, aðeins á heimili sínu og á .... Hann kveðst ekki hafa strokið brjóst stúlkunnar innan klæða. Hann hefur hins vegar viðurkennt að hafa nokkrum sinnum strokið henni um læri utan klæða og hugsanlega einnig brjóst hennar eins og lýst er í 1. lið ákærunnar. Ákærði kvaðst ekki vita hve oft það gerðist. Þá bar ákærði að þetta hefði aðeins átt sér stað veturinn 2005 til 2006 en ekki frá því 2004 eins og segir í ákæru.

Brotþoli skýrði vitninu [D] þannig frá í upphafi að hún myndi eftir tveimur árum af slíku ofbeldi af hálfu ákærða. Fyrir dómi bar hún að þetta hefði byrjað þegar hún var 10 ára. Voru minningar hennar um upphaf áreitninnar þó óljósar enda kvaðst hún hafa lagt sig fram um að gleyma þessu. Þó var sú minning hennar tengd fyrra heimili ákærða að ... en í lögregluskýrslu hans kemur fram að hann hafi flutt á núverandi heimili sitt vorið 2005. Framburður brotþola um tíma fær stoð í lýsingum móður stúlkunnar á líkamlegum verkjum og breytingum á háttalagi. Lýsti faðir ákærðu ástandi hennar á sama veg fyrir lögreglu en hann kom ekki fyrir dóminn. Þrátt fyrir að stúlkan hafi ítrekað verið skoðuð af læknum fundust ekki skýringar á líkamlegri vanlíðan hennar. Kemur fram í áðurraktri skýrslu vitnisins Vigdísar Erlendsdóttur, að slík einkenni vanlíðunar séu algeng hjá börnum sem leyndu upplýsingum um að þau hafi sætt kynferðislegu ofbeldi. Er fram komið að ástand stúlkunnar hafi lagast mjög eftir að hún skýrði frá þeim atvikum sem hér eru til umfjöllunar. Að mati dómsins bendir það til þess að athæfi það sem hún sætti af hálfu ákærða hafi verið orsök andlegra og líkamlegra kvilla hennar.

Brotþoli hefur lýst því að ákærði hafi í fleiri skipti en þau tvö sem hann hefur játað, snert kynfæri hennar innan klæða, m.a. á heimili hennar. Lýsti hún síðasta skiptinu, sem hún sagði hafa gerst á heimili hennar, nokkuð ítarlega. Þá sagði hún þetta hafa gerst tvívegis á núverandi heimili ákærða. Dómurinn hefur horft á myndbandsupptöku af skýrslutöku af stúlkunni, sem einn dómaraanna annaðist.

Skýrði hún vel frá því ef hún mundi ekki tiltekin atriði en lýsti öðrum af nokkurri nákvæmni. Telur dómurinn framburð stúlkunnar trúverðugan og í samræmi við önnur gögn sem að framan er getið og þar á meðal framburð ákærða svo langt sem hann nær. Þykir að öllu þessu virtu ekki varhugavert að leggja framburð stúlkunnar til grundvallar í málinu þar sem framburður hennar er annar en ákærða.

Samkvæmt framanröktu þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru, bæði í lið nr. 1 og 2, og varða brot hans við tilgreind lagaákvæði í ákæruskjali.

#### IV.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði ekki áður verið dæmdur til refsingar. Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess að brot ákærða voru gróf og beindust gegn sonardóttur hans, sem aðeins var 10 til 12 ára. Braut hann þannig gegn því trausti og öryggi sem barn á að njóta í samvistum við nána fjölskyldu sína. Af gögnum málsins má ráða að ákærði sá ekkert athugavert við hegðun sína fyrr en í viðtölum við sálfræðing eftir að mál þetta hófst. Þykir hann ekki eiga sér aðrar málsbætur en þær að hann hefur játað brot sín að mestu. Við ákvörðun refsingar ber auk framangreinds að hafa í huga aldur ákærða sem er 74 ára ellilífeyrisþegi, sbr. 4. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga svo og þess að ákærði hefur leitað aðstoðar sálfræðings eftir að hann framdi brotin, sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. framangreindra laga. Með vísan til framangreinds og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og í samræmi við dómvenju þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Rétt þykir, með vísan til þess er að framan greinir, einkum aldurs ákærða, að fresta fullnustu 12 mánaða af refsingunni og að hún falli niður að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Í málinu gera [B] og [C], fyrir hönd [A], kröfu um bætur úr hendi ákærða að fjárhæð 2.050.000 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 5. október 2006. Sundurliðast krafan þannig að gerð er krafa um kr. 2.000.000,- vegna miska og kr. 50.000,- vegna lögmannaástoðar.

Með háttsemi þeirri sem ákærði er nú sakfelldur fyrir hefur hann brotið alvarlega gegn sonardóttur sinni og ber hann skaðabótaábyrgð gagnvart henni. Í áðurgreindri skýrslu vitnisins Vigdísar Erlendsdóttur og framburði hennar fyrir dómi og framburði móður brotþola, [C], er lýst áhrifum brota ákærða á stúlkuna. Hafa vitnin einnig lýst bættri líðan stúlkunnar í kjölfar þess að hún skýrði frá því ofbeldi sem hún varð fyrir og bar vitnið Vigdís að ætla megi að með tímanum nái hún sér að fullu. Með vísan til framangreinds þykja miskabætur hæfilega ákveðnar kr. 800.000,-. Þá ber að taka til greina lið 2 í kröfunni þ.e. kostnað vegna lögmannaástoðar. Samtals ber því að dæma ákærða til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 850.000,- ásamt vöxtum eins og krafist er frá því er mánuður var liðinn frá því að ákærða var kynnt krafan hjá lögreglu svo sem nánar greinir í dómSORði.

Í málinu liggur fyrir sakarkostnaður að fjárhæð kr. 30.000,- vegna vottorðs Vigdísar Erlendsdóttur. Þá liggur fyrir reikningur vegna réttargæslu brotþola á rannsóknarstigi að fjárhæð kr. 187.721,-. Með vísan til 165. gr. laga nr. 19/1991 um

meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til greiðslu þessa kostnaðar samtals kr. 217.721- auk málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns fyrir dómi og á rannsóknarstigi, Hreins Pálssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 300.000- og er virðisaukaskattur þar innifalinn.

Dóminn kveða upp Freyr Ófeiggsson dómstjóri og héraðsdómararnir Ásgeir Pétur Ásgeirsson og Ólafur Ólafsson.

Dómsuppsaga hefur dregist lítillaga vegna anna dómsformanns.

## **D Ó M S O R Ð :**

Ákærði X sæti fangelsi í 15 mánuði en þar af skal fresta fullnustu 12 mánaða og falli sá hluti refsingarinnar niður að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði [B] og [C] f.h. [A] kr. 850.000- ásamt dráttarvöxtum samkvæmt lögum nr. 38, 2001 frá 19. desember 2006 til greiðsludags.

Ákærði greiði sakarkostnað að fjárhæð kr. 517.721- þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hreins Pálssonar hrl., kr. 300.000- og er virðisaukaskattur innifalinn.